

Hæstaréttardómar

Útgefandi: Hæstiréttur.

LVII. árgangur

1976

Mánudaginn 5. janúar 1976.

Nr. 184/1975. Ákærvaldið

gegn

Sigurgeir Einari Karlssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Einar Arnalds og
Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumannsins í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. desember 1975 í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Gögn máls bárust Hæstarétti 29. s. m., en engin greinargerð hefur borist af hálfu varnaraðilja og eigi heldur frá rikissaksóknara.

Í hinum kærða úrskurði er getið gæsluvarðhaldsúrskurða þeirra, er kveðnir hafa verið upp yfir varnaraðilja vegna sakarefnis þess, er rannsókn máls varðar. Úrskurður frá 25. september 1975 var kærður til Hæstaréttar og niðurstaða hans staðfest þar 8. október 1975.

Eftir atvikum þykir mega staðfesta hinn kærða úrskurð með vísun til 1. og 4. töluliðs 67. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

17. desember 1975.

Aðfaranótt 14. maí 1975 varð sá atburður í Ólafsvík, að Sigurgeir Einar Karlsson, Ennisbraut 29, Ólafsvík, varð Rafni Svavarsyni að bana í vistherbergi sínu í verbúð Hróa h/f, eftir að upp kom deila milli þeirra. Rannsókn málsins hófst samdægurs, og var kærði, Sigurgeir Einar Karlsson, þá úrskurðaður í allt að 60 daga varðhald.

Með úrskurði, uppkveðnum í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu þann 11. júlí 1975, var gæsluvarðhald kærða framlengt um allt að 45 dögum, vegna þess hve rannsókn málsins var skammt á veg komin.

Með úrskurði sama dóms, sem upp var kveðinn þann 27. ágúst 1975, var gæsluvarðhald kærða framlengt í allt að 30 dögum, meðan framhaldsrannsókn í málinu færi fram, samkvæmt kröfu ríkissaksóknara, sem óskaði eftir, að ákveðnir tilgreindir menn yrðu kvaddir fyrir dóm til yfirheyrslu.

Með úrskurði sama dóms, uppkveðnum 25. september 1975, var gæsluvarðhald kærða enn framlengt í allt að 90 dögum, þar eð rannsókn málsins var enn ekki lokið.

Framhaldsrannsókn þessari er enn ekki lokið. Teknar hafa verið skýrslur í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu af þeim tilgreindu mönnum, sem náðst hefur til í lögsagnarumdæmi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og rannsókninni að öðru leyti fram haldið eftir því sem tilefni hefur gefist til. Með bréfi sýslumanns Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, dags. 5. nóvember 1975, var málið síðan sent ríkissaksóknara. Þá var eftir að yfirheyra 5 tilgreinda menn, sem búsettir eru í Reykjavík og Keflavík. Dómaranum er kunnugt um það, að sakadómi Reykjavíkur hefur verið falið að annast þær yfirheyrslur.

Rannsókn málsins er enn ekki lokið.

Með skírskotun til þess svo og eðlis bréfsins og með vísun til forsendna fyrir úrskurði í málinu þykir nauðsyn bera til að framlengja gæsluvarðhald kærða, Sigurgeirs Einars Karlssonar, enn um sinn í allt að 90 dögum.

Því úrskurðast:

Gæsluvarðhald Sigurgeirs Einars Karlssonar, sem hófst með úrskurði sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu þann 14. maí 1975 og hefur síðan verið framlengt þrisvar sinnum, framlengist í allt að 90 dögum frá 24. desember 1975 að telja.